



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. desember 1998
214/98

**Efni: Erindi frá allsherjarnefnd Alþingis með bréfi dags. 18.11.1998.
Umsögn um frumvarp til skaðabótalaga, 183. mál.**

INNGANGUR OG AFMÖRKUN

Allsherjarnefnd Alþingis fór þess á leit í bréfi dags. 18.11.1998 að Læknafélag Íslands gæfi umsögn um frumvarp til skaðabótalaga, mál nr. 183. Stjórn Læknafélags Íslands hefur kannað viðhorf þeirra lækna sem unnið hafa eftir skaðabótalögum nr. 50/1993 og byggir umsögn sína um fyrirliggjandi frumvarp að hluta á því.

Í skaðabótalögum nr. 50/1993 kemur í ljós að læknum er ætlað að gegna veigamiklu hlutverki við ákvörðun bóta fyrir líkamstjón. Hlutverk lækna er bundið við að taka afstöðu til tímabundins atvinnutjóns (2. gr.), þjáningabóta (3. gr.), varanlegs miska (4. gr.) og varanlegrar örorku (5. gr.). Sérhver þessara greina felur í sér að ákveða tölugildi sem byggist einvörðungu á umfangi þess líkamstjóns er einstaklingur varð fyrir. Þessi tölugildi eru síðan notuð í reiknijöfnu til útreiknings bóta þar sem önnur gildi eru algjörlega stöðluð. Þar sem lækna hafa verið beðnir að gefa álit um fyrrnefndar breytilegar stærðir telur stjórn Læknafélags Íslands að umsögn hennar eigi að fjalla um þætti er lúta að þeim og verklagi við þær. Þar sem hin stöðluðu gildi reiknijöfnunnar hafa ekki beinlínis áhrif á fagleg störf lækna, telur stjórnin ekki ástæðu til að taka sérstaka afstöðu til þeirra þátta, þótt þeir séu meginviðfangsefni í hinu framlagða lagafrumvarpi sem til umsagnar er.

UMSÖGN UM EINSTAKAR GREINAR FRUMVARPSINS

1. 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins um 2., 3., 4. og 5. gr. skaðabótalaganna.

Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu þar sem í stað orðalagsins "þar til ekki er að vænta frekari bata" komi "þar til heilsufar er orðið stöðugt." Stjórn Læknafélags Íslands telur að þessi breyting sé til batnaðar og er sátt við athugasemdir um breytinguna sem fram kemur í frumvarpinu.

Rétt er þó að benda á að í frumvarpinu hefur láðst að breyta orðalaginu í 1. mgr. 5. gr. til samræmis við hinar greinarnar, þótt sú breyting sé boðuð í athugasemd við 1. gr. á bls. 6 í frumvarpinu. Það er því tillaga stjórnar Læknafélags Íslands að 1. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

"Valdi líkamstjón, eftir að heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna á tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku."

2. 3. gr. frumvarpsins um 4. gr. skaðabótalaganna, varanlegan miska.

Stjórn Læknafélags Íslands telur til bóta að fella niður það ákvæði að ekki skuli greiða bætur "þegar varanlegur miski er metinn minni en 5%" og er sammála þeirri röksemdafærslu, sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið á bls. 6.

3. 7. gr. frumvarpsins um 8. gr. skaðabótalaganna.

Gerð er tillaga um að bætur til barna og tjónþola sem nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafi takmarkaðar atvinnutekjur, ákvarðist á grundvelli örorkustigs samkvæmt 5. gr. Stjórn

Læknafélags Íslands er sammála þessari breytingu og bendir á þá skoðun matslækna að engin sérstök vandkvæði séu við að meta örorkustig þess hóps sem lagagreinin nær til.

4. 9. gr. frumvarpsins um 10. gr. skaðabótalaganna, örorkunefnd.

Stjórn Læknafélags Íslands fagnar þeirri breytingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpstextanum, enda er það verklag sem þar er lýst í samræmi við vinnuvenjur víðast hvar í Evrópu.

TILLÖGUR AÐ ORÐALAGSBREYTINGUM VIÐ SKAÐABÓTALÖG NR. 50/ 1993

1. Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu í 1. másl. 1. mgr. 3. gr. skaðabótaganna.

Lagatextinn hljóðar svo:

“Greiða skal þjáningabætur fyrir tímabilið frá því að tjón varð þar til heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, 1.300 kr. fyrir hvern dag sem hann er rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem hann er veikur án þess að vera rúmliggjandi.”

Breytingartillaga:

“Greiða skal þjáningabætur fyrir tímabilið frá því að tjón varð þar til heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, 1.300 kr. fyrir hvern dag sem hann er rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem hann er veikur án þess að vera **rúmfastur**.”

Rök:

Í fyrsta másl. 1. mgr. 3. gr. skaðabótaganna er greint frá tvenns konar daggjaldi fyrir þjáningabætur eftir því hvort hinn slasaði er rúmfastur eða ekki. Í málsliðnum eru notuð tvo orð, þ.e. orðið rúmfastur og orðið rúmliggjandi, um nákvæmlega sama fyrirbærið. Telja verður að óheppilegt og ónauðsynlegt sé að hafa tvö orð um sama fyrirbærið og lagt er til að nota einungis annað þeirra.¹ Telja verður heppilegast að nota orðið rúmfastur þar sem það undirstrikar meiri færniskerðingu og bindingu við rúm.

2. Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu á 2. másl. 1. mgr. 3 gr. skaðabótaga. Lagatextinn hljóðar svo:

“Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé ekki veikur.”

Breytingartillaga:


“Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé **vinnufær**.”

Rök:

Í 2. másl. 1. mgr. 3 gr. skaðabótaga segir: “Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé ekki veikur.” Hér er í raun átt við að greiða megi þjáningabætur þótt tjónþoli sé farinn að vinna.² Bent hefur verið á að orðið veikur hefur tvenns konar merkingu sem vísi annars vegar til sjúkleika og hins vegar til óvinnufærni.³ Orðið veikur kemur tvisvar fyrir í 3. gr. skaðabótaganna og hefur í 1. másl. merkinguna vanlíðan eða veikindi en í 2. másl. hefur orðið merkinguna óvinnufær. Telja verður það mjög óheppilegt að sama orðið hafi tvær mismunandi merkingar í sömu lagagrein og þarf því að sniðganga þennan vanda með umorðun án þess að merking breytist. Til að forða misskilningi og rangtúlkun af þessum toga sem mjög mikið hefur borið á, er mælt með því að orðalagi verði breytt. Hér er ekki um innihaldsbreytingu að ræða heldur einungis nákvæmara orðalag, sem skýrir betur það sem málsgreinin heimilar.

Umsögn þessi er unnin af Atla Þór Ólasyni bæklunarskurðlækni sem stjórn Læknafélags Íslands gerir að sinni. Hjálagt fylgir grein Atla um Hugtakið “stöðugleikapunktur” og tímabundnar bætur í skaðabótarétti. Tímarit lögfræðinga 4. hefti 47. árg. 1997.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands


Páll Þór Ólafsson
framkv.stj.

¹ Atli Þór Ólafsson, Hugtakið “stöðugleikapunktur” og tímabundnar bætur í skaðabótarétti; Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 47. árg. Í kafla “3.3 Staðlaðar þjáningabætur”, bls. 269-270.

² Atli Þór Ólafsson, Hugtakið “stöðugleikapunktur” og tímabundnar bætur í skaðabótarétti; Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 47. árg. Í kafla “3.2.1 Breytingartillaga við 3. gr. laganna”, bls. 269.

³ Atli Þór Ólafsson, Hugtakið “stöðugleikapunktur” og tímabundnar bætur í skaðabótarétti; Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 47. árg. Í kafla “3.2 Tvær merkingar hugtaksins “veikur””, bls. 267-269.